Kl. 20.30
Tónleikar Þóris Jóhannssonar kontrabassaleikara og Sólveigar Önnu Jónsdóttir píanóleikara á Laugaborg. Á efnisskrá eru verk eftir Schubert, Bottesini, Koussevitzky, Fauré, Oliver Kentish og Karólínu Eiríksdóttur.

menning
menning@frettabladid.is

Jóhann ræðir um Flóka

Tveir góðir vinir Alfreðs Flóka koma saman og rýna í ritverk og myndlist listamannsins í Hafnarhúsinu næstkomandi sunnudag kl. 15. Þetta eru rithöfundurinn Sjón, sem jafnframt er sýningarstjóri sýningarinnar um Alfreð Flóka, og skáldið og þýðandinn Jóhann Hjálmarsson. Sameiginlega munu þeir skyggnast undir yfirborð hins margbrotna listamanns Alfreðs Flóka, en Jóhann, sem var æskuvinur Flóka, hefur mikla innsýn í verk hans og hefur skrifað einna mest um þau.

Jóhann talar um kynni sín af Flóka og opnar jafnframt gestum leið inn í skáldskaparlegar uppsprettur verka hans. Þá munu hann og Sjón lesa og ræða um ljóð Jóhanns frá árunum 1960-1963, en á þeim tíma voru Jóhann og Flóki nokkurs konar tveggja manna súrrealistahreyfing og skrif Jóhanns, sem birtust í bókunum Malbikuð hjörtu og Fljúgandi næturlest, þóttu á þeim tíma bera vitni miklu og djörfu hugarflugi ekki síður en verk Flóka.



MYNDLIST Jóhann Hjálmarsson og Sjón ræða um myndheim Flóka á helgum degi.

> Ekki missa af…

tónleikum Gunnars Þórðarsonar á laugardagskvöld á Akranesi. Gunnar flytur nokkur af lögum sínum í nýjum glæsilegum tónleikasal Tónlistarskólans á Akranesi sem ber hið skemmtilega nafn TÓNBERG. Hefjast tónleikarnir kl. 20. Aðgöngumiðar eru seldir í forsölu og frá kl. 18 á tónleikadaginn í afgreiðslu Tónbergs.

Þrettándakvöld

Þjóðleikhúsið frumsýnir Þrettándakvöld – eða Hvað sem þér viljið eftir William Shakespeare í kvöld á stóra sviðinu. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Nemendaleikhúss en leikstjóri er Argentínumaðurinn Rafael Bianciotto.



LEIKLIST Arnar Jónsson í hlutverki sínu í Þrettándakvöldi.
MYND EDDI/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ ÞRETTÁNDAKVÖLD

Þrettándakvöld var fyrsta verk Shakespeare sem flutt var á Íslandi hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1926 og öðru sinni hjá Þjóðleikhúsinu 1967 en hafði þá verið leikið bæði á Herranótt 1960 og hjá Leikfélagi Akureyrar 1964.
Þessi blandni gamanleikur Shakespeares segir af ástleitnum greifa sem fellir hug til meyjar af aðalsættum en hún vill ekki þýðast nokkurn mann því hún syrgir bróður sinn. Önnur systkini, skipreka, verða síðan til þess að stokka rækilega upp í félagslífinu með tilheyrandi ástarfléttum, misskilningi og brellum. Og í kringum alla hirðina dansa fíflið Fjasti og ráðsmaðurinn Malvólíó sem er hafður að ginningarfífli í leiknum.

Leikstjórinn Rafael Bianciotto er þekktur fyrir grímuvinnu, commedia dell' arte og trúðatækni. Hann leikstýrði rómaðri uppsetningu á Dauðasyndunum; er ættaður frá Argentínu en hefur einkum starfað í Frakklandi.

Arnar Jónsson leikur Malvólíó og er þetta í fyrsta sinn sem hann leikur eitt höfuðhlutverka Shakespeares – fyrir utan þátttöku í Hamlet 1964 meðan hann var enn við nám. Hafa leikhúsáhorfendur lengi furðað sig á því ráðslagi íslenskra leikhússtjóra. Hlutverk Malvólíós er í þessari sýningu lagt undir stílfærðan trúðsleik þótt hlutverkið bjóði vissulega upp á sálfræðilega túlkun sem sveiflast frá hinu skoplega til hins harmræna. Arnar er kunnugur tækni grímunnar. Hann segir það hið besta mál að nemendur í Listaháskólanum komi inn á stóra svið Þjóðleikhússins og vanir túlkendur hins talaða orðs fyrir stórum sal geti leiðbeint þeim í flutningi: „Þau geta ekki treyst á þennan metóðu-kvikmyndaleik sem þau eru mest fyrir." Gríman neyði leikarann að kjarna stílfærslunnar, í sviðsetningunni séu leikmynd og búningar einfaldaðir sem oft einkenni sviðsetningar sem noti grímuna. Hismið falli af kjarnanum.

Eggert Þorleifsson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir og Ragnheiður Steindórsdóttir leika í uppfærslunni ásamt útskriftarárgangi Nemendaleikhúss Listaháskólans. Um leikmynd og búninga sýningarinnar sér Helga I. Stefánsdóttir, grímugerð annast Högni Sigurþórsson.
pbb@frettabladid.is

FIMM KONUR Á SVIÐI

Í kvöld verða fimm listakonur á sviði Íslensku óperunnar og flytja valdar aríur og dúetta úr stórvirkjum óperunnar. Þar eru á ferð fjórir fremstu sópranar þjóðarinnar: Auður Gunnarsdóttir, Elín Ósk Óskarsdóttir, Hulda Björk Garðarsdóttir og Þóra Einarsdóttir. Undirleik annast Antonía Havesi.



TÓNLIST Fimm flottar konur á æfingu fyrir galakvöldið Prímadonnur í óperunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Söngkonurnar hafa allar verið önnum kafnar og gert garðinn frægan bæði hér heima og erlendis og er því nokkuð fréttnæmt að ná þeim öllum saman á galatónleika í Íslensku óperunni. Efnisskráin verður ekki af verri endanum, en þar má finna margar af helstu perlum óperubókmenntanna, aríur, dúetta og samsöngsatriði, eftir Bellini, Mozart, Verdi, Wagner, Puccini, Rossini og fleiri. Á efnisskránni eru meðal annars aría Kleópötru úr Júlíusi Sesar eftir Händel í túlkun Þóru, Come scoglio úr Cosi í túlkun Auðar, Estrano og Sempre libera úr La Traviata í túlkun Huldu og In questa reggia úr Turandot í túlkun Elínar. Galakjólar og -greiðslur munu gleðja augu áhorfenda. Veitingasalan verður opin fyrir tónleika og í hléi, en konfekt er í boði Nóa Síríusar, sem styrkir tónleikana.
pbb@frettabladid.is

Majamyndir fundnar

Fornleifafræðingar fundu nýlega vegghöggmyndir í Gvatemala frá tíma maja að því er Reuter greinir frá. Veggmyndirnar sýna goðsögulegar skepnur, slöngur og guði og fundust í norðurhluta landsins í skógarþykkni. Myndirnar eru 26 fet og lágu í stafla. Þær eru taldar frá því um 300 f. Kr. og eru taldar sýna atriði úr goðsögn maja um Popol Vuh.

Uppgröftur hefur staðið yfir á svæðinu þar sem myndirnar fundust á borgarstæði El Mirador, stærstu fornborg maja sem fundist hefur. Menning maja einkenndist af stórum hofum og höllum sem fundist hafa í suðurhluta Mexíkó og Mið-Ameríkuríkjum. Hún stóð í nær 2000 ár en lagðist skyndilega af um 900 eftir Krist. El Mirador var yfirgefin fyrr þegar íbúar yfirgáfu stórt borgarsvæði sem einkenndist af þéttu kerfi vega og vatnslagna sem nú hvílir undir skógarþykkni. Fyrstu heimildir um Popol Vuh fundust snemma á 16. öld og veggmyndirnar sem nú eru komnar í ljós eru fyrstu myndir af hetju-tvíburunum tveimur sem bera uppi goðsögnina.



HÖGGMYNDIR FRÁ ÞVÍ 300 F. K. SEM FUNDUST NÝLEGA Í GUATEMALA.
MYND AFP /- EDUARDO GONZALES

El Mirador þekur um 2000 ferkílómetra svæði og er þrisvar sinnum stærri en rústir Tikal sem eru þekktustu borgarminjar í Guatemala. El Mirador er hættusvæði. Þar eiga leið um smyglarar, nýting á skóginum skapar hættu og þaðan er miklum minjum stolið fyrir svartan markað. Yfirvöld í Gvatemala hyggjast breyta Peten-héraði í verndarsvæði en þar er að finna bæði El Mirador og Tikal. Þangað verður lögð járnbraut en til héraðsins er nú ófært nema á þyrlum eða fótgangandi, tveggja daga för í gegnum skóginn.
- pbb

